Gröf og Laxárhlíð í Hrunamannahreppi:

Framkvæmdarannsókn vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda

LILJA BJÖRK PÁLSDÓTTIR & HILDUR GESTSDÓTTIR

MEÐ VIÐAUKUM EFTIR KRISTJÖNU VILHJÁLMSDÓTTIR OG MAGNÚS Á. SIGURGEIRSSON

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2022
FS883-21051

Forsíðumynd er af vinnsluofni sem sást í sniði bæjarhólsins í Gröf. Horft er til suðurs.
Myndina tók Lilja Björk Pálsdóttir.

©Fornleifastofnun Íslands 2022
Bræðraborgarstíg 9
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Netfang: fsi@fornleif.is
Vefsíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Inngangur ***7***

Markmið og framkvæmd ***10***

Aðferðafræði ***12***

Gripir og sýni **13**

Niðurstöður ***15***

..... **16**

Svæði 1 ..... **18**

Snið 15 18

Snið 16 26

Svæði 17. 29

Skurður 6 30

Snið 19 33

Svæði 2 ..... **37**

Skurður 1 39

Skurður 2 40

Skurður 3 41

Skurður 4 42

Skurður 5 43

Snið 18 44

Skurður 13 46

Svæði 3 ..... ***46***

Skurðir 7, 8 og 9 46

Skurður 14 47

Skurður 10 48

Gripir ***49***

Lokaorð ***50***

Heimildir ***52***

Viðaukar ***53***

Viðauki 1: Einingaskrá **53**

Viðauki 2: Gripaskrá **75**

Viðauki 3: Ljósmyndaskrá **77**

Viðauki 4: Gjóskulagagreining **86**

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer (málsnúmer MÍ):
202102-0034

Þjóðminjasafnsnúmer (ÞJMS):
2021-02

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna:
Stefán Ólafsson ritsj. 2016. *Fornleifaskráning í Hrunamannahreppi. Flúðir og nágrenni.* FS593-15231. ÁR-315:001, ÁR-315-002

Stutt lýsing rannsóknar (tilgangur):
Forkönnun með könnunarskurðum og skráning sniða vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda

Tegund rannsóknar:
Framkvæmdarannsókn og -eftirlit

Ástand fornleifa við lok rannsóknar: voru þær huldar aftur eða fjarlægðar
Fornleifar sem komu í ljós voru að mestu huldar á ný

Staðsetning (staður, sveitarfélag, sýsla):
Sveitarfélagið Hrunamannahreppur

GPS hnit (miðja rannsóknarsvæðis):
435687/404080

Rannsóknartími (nákvæmar dagsetningar):
09.02.2021-27.05.2022

Leyfishafi:
Lilja Björk Pálsdóttir

Fjöldi starfsmanna:
3

Staðsetningarkort



Staðsetning rannsóknarsvæðis, sýnd á Íslandskorti. Kort fengið hjá Landmælingum Íslands.

Útdráttur

Nú er unnið að undirbúningi nýs íbúðahverfis í landi Grafar við Flúðir í Hrunamannahreppi. Hluti af þeim undirbúningi fólst í að kanna hvort og þá hvar fornleifar væri að finna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Voru í því skyni gerðir alls tíu könnunarskurðir auk þess sem snið voru hreinsuð og skráð. Í ljós komu gríðarmiklar mannvistarleifar allt frá fyrstu tíð Íslandssögunnar til tuttugustu aldar.

Lykilorð

Framkvæmdarannsókn, Gröf, Hrunamannahreppur, bæjarhóll, 10. öld, kirkjugarður, þingstaður

Abstract

Preparations are now underway for a new residential area in the land of Gröf by Flúðir in Hrunamannahreppur. Part of that work involved the investigation of whether and where archaeological remains were to be found at the proposed construction site. A total of ten survey trenches were excavated for this purpose, in addition to which profiles were cleaned and recorded. Substantial remains of human occupation were discovered, dating from the earliest settlement period to the twentieth century.

Keywords

Development led archaeology, Gröf, Hrunamannahreppur, farm mound, 10th century, cemetery, assembly

Inngangur

Um þessar mundir er verið að vinna að undirbúningi nýs íbúðahverfis í landi Grafar í Hrunamannahreppi. Fornleifastofnun Íslands hafði unnið skráningu fyrir svæðið 2016[1] og á grundvelli hennar gerði Minjastofnun Íslands kröfur um mótvægisaðgerðir vegna nálægðar við þekkta minjastaði.



Mynd 1: Uppdráttur af túnum í Gröf 1921 sem sýnir mörk túns og bæjarstæðið. Þjóðskjalasafn Íslands

[1] Stefán Ólafsson 2016.

Hluti af þeim kröfum var að kanna hvort og þá hvar fornleifar væri að finna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.[2] Fyrir lá að gera þyrfti þrjá langa könnunarskurði sunnan við bæjarhól, könnunarskurð í hugsanlegt garðlag suðaustan við bæjarhól og fimm könnunarholur norðan við bæjarhólinn við núverandi vegstæði. Að þeim kröfum uppfylltum héldu framkvæmdir áfram án aðkomu fornleifafræðings enda ekki farið fram á framkvæmdaeftirlit af hálfu Minjastofnunar Íslands. Við framkvæmdir komu hins vegar áður óþekktar minjar í ljós sem minjavörður gerði kröfu um að yrðu rannsakaðar, mældar inn og teiknaðar og því bættust á síðari stigum talsverðar rannsóknarkröfur við þegar í ljós kom hversu umfangsmiklar minjar voru á svæðinu. Umræddir verkhlutar voru unnir jafnóðum og þeir komu upp og veðuraðstæður leyfðu á tímabilinu febrúar til maí 2021.

Sveitastjórn Hrunanmannahrepps fór þess á leit við Fornleifastofnun Íslands (FSÍ) að stofnunin tæki að sér að sjá um fornleifakönnun sem hófst 9. febrúar 2021 og stóð yfir í nokkrum lotum til 27. maí 2021. Lilja Björk Pálsdóttir stýrði rannsókninni, en auk hennar tóku þátt Hólmfríður Sveinsdóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir fornleifafræðingar þátt í vettvangsvinnu. Kristjana Vilhjálmsdóttir sá um gripavinnu og naut aðstoðar Sólveigar Guðmundsdóttur Beck við greiningu á brýnum. Lilja Björk sá um almenna úrvinnslu og skýrsluskrif. Elín Ósk Hreiðarsdóttir sá um verkefnisstjórn og Hildur Gestsdóttir var ráðgefandi við verkefnið.

Kærar þakkir eru færðar Guðrúnu Emilsdóttur og öðrum afkomendum Emils Ásgeirssonar fyrir ómetanlegan fróðleik um svæðið auk ljósmynda og teikningar í þeirra eigu sem birtast að hluta í þessari skýrslu.

Í skráningarskýrslu um svæðið segir eftirfarandi um bæjarhól Grafar:

> „Bærinn stóð norðvestan við fjóshlöðu þar sem Minjasafn Emils Ásgeirssonar var til skamms tíma (2015) og norðaustan við íbúðarhús í Gröf sem byggt var 1963. Ekki er lengur búið í íbúðarhúsinu. Enn sést stór bæjardyrahella á bæjarhólnum. Á túnakorti frá 1921 segir að brunnur sé í hlaði. Hvorki Guðjón né Guðrún Emilsbörn, heimildamenn, könnuðust við þennan brunn en hann hefur að öllum líkindum verið á bæjarhólnum og er því skráður undir sama númeri og bærinn. Sléttuð grasflöt er á bæjarhólnum og vaxa aspir norðan og norðaustan við hana og reynitré suðvestan við hana. Suðvestan við reynitrén er gamla íbúðarhúsið í Gröf og birkitré. Lág en stór bunga er þar sem bærinn hefur staðið, um 60 x 30 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Bæjarhóllinn gæti náð lengra til suðausturs að fjósinu (sjá Þinghúshól 002). Hann er um 1 m hár, allt að 2 m að suðvestanverðu. Bærinn í Gröf sneri stöfnum til suðvesturs.“[3]

[2] Bréf Minjastofnunar Íslands dagsett 02.02.2021 (MÍ202102-0009/6.09/U.Æ.).
[3] Stefán Ólafsson 2016, bls. 75.

Mynd 2: "Gröf fyrir 1930. Burst, sem er 5. frá vinstri var rifin eftir 1930, ný burst byggð á sama stað".-Ljósmynd fengin hjá Guðrúnu Emilsdóttur apríl 2021. Horft til norðurs.



Mynd 3: Uppdráttur Emils Ásgeirssonar af Gamlabænum og nánasta umhverfi þar sem hlutverk hvers húss kemur fram.

Samkvæmt Guðrúnu Emilsdóttur var Gamli-bærinn (svo kallaður af heimamönnum) rifinn þegar nýja íbúðarhúsið var reist árið 1963. Gamlibærinn var samnefnari fyrir bæjarhúsa-torfuna en þar voru tvö heimili í sambyggðum húsum; Austur- og Vesturbærinn. Var Austurbærinn yngri og byggður 1921 eða 1922. Reynitré stendur nú þar sem baðstofan var áður.[4] Úr Gamlabænum var rutt með vélgröfu ofan í gryfju sem grafin var norðan við bæjarhúsin og sléttað yfir.

Í skráningarskýrslu kemur einnig fram að mannabein hafi í þrígang komið upp við byggingu sambyggðs fjóss og hlöðu sem stendur suðaustan við bæjarhólinn. Heitir þar Þinghúshóll, en vitað er úr heimildum að útkirkja var á Gröf. Kirkjugarður, kirkja og þingstaður voru um 50 m frá miðjum bæjarhól Grafar. Annar þingstaður er skráður í landi Grafar þar sem heitir Lögrétta og kann þingstaðurinn að hafa verið færður nær bæ á Þinghúshól á einhverjum tímapunkti.[5]

Markmið og framkvæmd

Vettvangsvinnan á Gröf var fyrirhuguð að vorlagi þegar aðstæður til fornleifarannsókna væru hagstæðar. Eins og fram kom í bréfi dagsett 2. febrúar 2021 fór MÍ fram á að gerðir yrðu þrír skurðir, allt að 20 m langir og 1 m breiðir, einn í hvern byggingarreit (reitir 12, 14 og 16) sunnan við bæjarhólinn, þar sem syðri mörk hans voru ekki þekkt. Þá var á sama tíma gerð krafa um grafa skurð í meint garðlag þar sem nýtt vegstæði sunnan við bæjarhól og kirkjugarð myndi fara yfir. Einnig var farið fram á gerðir væru fimm könnunarholur samsíða þáverandi malarvegi norðan við bæjarhólinn til að kanna nyrðri mörk bæjarhóls.[6] Ekki var gerð krafa um framkvæmdaeftirlit að könnunarskurðum loknum og var því enginn fornleifafræðingur á vettvangi þegar vélavinna hélt áfram.

Þegar framkvæmdum vatt fram kölluðu framkvæmdaaðilar nokkrum sinnum á fornleifafræðing vegna minja sem þá höfðu komið í ljós við vélgröftinn auk þess sem verkhlutar (frekari rannsóknir) bættust við verkið að kröfu Minjastofnunar Íslands (sbr. gangstígur frá bílastæði milli bæjarhóls og kirkjugarðs). Í hvert sinn sem minjar voru afhjúpaðar og fornleifafræðingur í kjölfarið kallaður á staðinn, var haft samband við minjavörð, honum gerð grein fyrir breyttum forsendum og í framhaldinu beðið um álit Minjastofnunar á því hvort grípa þyrfti til einhverra aðgerða/rannsókna vegna þessara nýju uppgötvana.

Mynd 4: Höfuðkúpa, líklega fyrir utan fjósið í Gröf. Ljósmynd fengin á vef Héraðsskjalasafns Árnesinga.

[4] Samkvæmt samtali höfundar við Guðrúnu Emilsdóttur í mars 2022.
[5] Stefán Ólafsson 2016, bls 100.
[6] Bréf Minjastofnunar Íslands dagsett 02.02.2021 (MÍ202102-0009/6.09/U.Æ.).

Þann 14. apríl setti Minjastofnun Íslands út uppfærðar kröfur[7] vegna þeirra minja sem sáust í lagnaleið norðan við bæjarhól. Þar var farið fram á að framkvæmdaaðili myndi hnika til lagnaleiðinni (og með henni nýju vegstæði) til norðurs, út fyrir mannvist sem sást í könnunarholum sem gerðar höfðu verið 11. mars. Krafa var einnig gerð um að teikna snið sem komið höfðu í ljós í framkvæmdunum og voru um 20 m löng. Einnig var gerð krafa um að fornleifafræðingur væri við eftirlit þegar grafin yrði lagnaleið/göngustígur en að samráð yrði haft við minjavörð ef minjar kæmu í ljós, til að hægt væri þá að meta hvort þörf væri á frekari mótvægisaðgerðum. Eins og framan er rakið varð verkið talsvert meira en gengið var útfrá í upphafi. Þannig voru gerðir alls tíu könnunarskurðir auk þess sem um 40 metrar af sniðum voru hreinsuð og skráð.

Könnunarskurðir voru vélgrafnir en handhreinsaðir og skráðir með teikningum og ljósmyndum. Þá voru skurðir og snið mæld upp með alstöð.

Ljóst var frá upphafi að veðuraðstæður gætu valdið töfum á verkinu sér í lagi þar sem ákveðið var að byrja það fyrr en í fyrstu var áætlað eða í byrjun febrúarmánaðar sem öllu jöfnu er ekki hentugur fyrir fornleifarannsóknir. Helstu áskoranir við verkið voru því meðal annars veður og birtuskilyrði (m.a. frost) auk þess sem víða var komið niður fyrir grunnvatnsyfirborð sem náði upp að og yfir mannvist. Þá var dýpt mannvistarlaga allt að tveir metrar þar sem hún var mest sem gerði skráningu nokkuð flókna þar sem gæta varð öryggis vegna hrunhættu auk þess sem unnið var fyrir neðan var grunnvatnsyfirborð. Eðli málsins samkvæmt var rannsóknartíminn ekki samfelldur þar sem fornleifafræðingar voru kallaðir til eftir því sem verkinu vatt fram og nýjar minjar voru óvænt afhjúpaðar.

[7] Bréf Minjastofnunar Íslands dagsett 14.04. 2021 (MÍ202102-0009/6.09/U.Æ.).

Aðferðafræði

Eins og fram hefur komið vatt rannsóknin í Gröf upp á sig, og var undir lokin mun viðameiri en lagt var upp með. Í úrvinnsluferlinu hefur rannsóknarsvæðinu því verið skipt í þrennt til að einfalda tilvísun í snið og skurði sem skráð voru. Skipting niður á svæði réðst einkum af legu skurða á



Mynd 5: Skipulagsteikning frá sveitarfélaginu af fyrirhuguðu byggingasvæði

bæjarhólnum. Þannig er svæði 1 austanverður hluti bæjarhólsins (skurðir/snið 6, 17, 15, 16 og 19), svæði 2 er norðanverður hluti hans og vegstæði (skurðir/snið 1, 2, 3, 4, 5, 147, 18) og svæði þrjú er sunnanverður hluti bæjarhóls og bæjarstæðis (skurðir/snið 7, 8, 9, 10, 14). Fjallað verður um helstu niðurstöður á hverju svæði fyrir sig en almenn umfjöllun verður í lokaorðum.

Uppgröftur og skráning mannvistarlaga fylgdi svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgraftarhandbók Fornleifastofnunar Íslands.[8] Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á.

[8] Lucas 2003.



Mynd 6: Yfirlitskort sem sýnir skiptingu rannsóknarsvæðis eftir númerum

Gripir og sýni

Gripir sem finnast við uppgröft eru mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaga eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraftarsvæði en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru einiganúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.[9]

[9] Lucas 2003.

Sama á við um sýni sem fá hlaupandi númer auk þess sem þau eru merkt eininganúmerinu sem sýnið er tekið úr.

Niðurstöður



Mynd 7: Skipulagsteikning af rannsóknarsvæðinu með flákum sem sýna skiptingu svæðisins varpað ofan á



Mynd 8: Yfirlitsteikning af svæði 1



Mynd 9: Snið 15

Svæði 1

Snið 15

Mynd 10: Mannvistarlög í bæjarhólssniði á svæði 1, meðal annars torfhleðsla [104]. Horft til norðvesturs.

Þegar unnið var við nýja fráveitulögn við norðausturhluta bæjarhóls þann 15. apríl var vélgrafið í gegnum mjög þykk mannvistarlög. Þar sem ekki hafði verið farið fram á framkvæmdavöktun af hálfu MÍ var enginn fornleifafræðingur á vettvangi þegar þetta var gert. Var fornleifafræðingur því kallaður á vettvang í kjölfarið af framkvæmdaaðila. Í sniði sáust torfhleðslur sem tilheyrðu a.m.k. fjórum mannvirkjum frá mismunandi skeiðum auk ruslalaga sem voru afar rík af móösku- og viðarkolum. Í kjölfarið kom minjavörður Suðurlands á svæðið til að ákvarða framhaldið. Samkvæmt fyrirmælum hans voru þversnið ljósmynduð, mæld og teiknuð upp. Voru þau alls 20 m löng og allt að 2 metra

Mynd 11: Brýni sem fannst í gólflagi [31]

djúp. Staðsetning þeirra sést á teikningu 3.

Snið 15 lá þvert í gegnum bæjarhól Grafar þar sem er að finna minjar frá fyrstu öldum byggðar á Íslandi og fram á þá 20. Hægt er að skipta mannvist sem sést í sniðinu í þrjú megin notkunarskeið; 10.-13. öld, 13.-18. öld og 18.-21. öld. Eftirfarandi lýsingar á mannvistarlögum verður innan þessarar skiptingar þar sem byrjað verður á elsta notkunarskeiði. Þessari skiptingu notkunarskeiða verður einnig haldið í umfjöllun annarra sniðteikninga á svæðum 1 og 2 í skýrslunni.

10. -13. öld

Númer jarðlaga: 15, 16, 17, 18, 19, 44, 60, 61, 62, 63, 64, 65, 14, 33, 74, 48, 45,35, 46, 47, 29, 30, 31, 21, 34, 23, 34, 27, 24, 25, 26, 31, 37, 38, 49, 50, 51, 93, 90, 95, 96, 94, 78, 89, 91, 92

Mynd12: Nærmynd af klömbruhleðslu [90] í bæjarhólssniði á svæði 1. Auk landnámsgjósku í torfi má sjá ljósa gjósku sem er féll 1104.

Allt að fjórar torfhleðslur sáust í sniði 15 (sjá teikningu 5). Einungis reyndist mögulegt að tengja tvær þeirra með nokkurri vissu, þ.e. torfhleðslur [47] og [90] sem voru neðst í sniði (sjá mynd 5). Á milli þeirra lá þykkt kolaríkt gólflag [31] og saman mynda þessar einingar byggingu [120]. Að minsta kosti tvær stoðarholur, [37] & [38] sem tilheyra þessari byggingu sáust í sniðinu, en ekki ólíklegt að þær hafi verið fleiri. Neðri hluti torfveggjanna var hlaðinn úr klömbrutorfi en þar ofan á var strengur. Innri brún [47] var hlaðin grjóti og er líklegt að svo hafi einnig verið með [90] en eftir að byggingin hefur verið aflögð var grafin gryfja, [102], niður í hleðsluna og hefur hún fjarlægt þann hluta hennar. Sennilegt er að grjót sem sást við austurenda gólfins sé hluti af þessari innri brún sem nú er annars horfin. Út frá gjóskulögum má tímasetja þessa byggingu til 10.-13. aldar en í torfi hennar má sjá landnámsgjósku (LNL) auk Eldgjárgjósku sem féll 939 (E-939) og Heklu 1104 (H-1104).[10]

[10] Sjá greinargerð Magnúsar Á. Sigurgeirssonar um gjóskur í Gröf í viðauka 4.



Mynd 13: Elsta notkunarskeið í þversniði 15. Jarðlög sem tilheyra yngri notkunarskeiðum eru deyfð

Samkvæmt gjóskulagafræðingi bendir það til þess að neðri hluti hleðslunnar, sá sem er með E-939 auk LNL í torfi, að torfið hafi verið skorið á 10.-11. öld. H-1104 gjóska í efri hluta hleðslunnar, bendir til að sá hluti hafi verið hlaðinn á 12. öld, og því viðbót eða viðgerð í veggnum. Út frá því sem sést í sniði er þetta íveruhús og mjög líklega skáli, en þykkt gólfins bendir til að húsið hafi verið í notkun í þónokkuð langan tíma. Það að hleðslunum hefur verið haldið við líkt og sést á mismunandi gjóskulögum styður einnig þá kenningu. Fáir gripir komu í ljós, en í gólfi þessarar byggingar fannst þóafar snoturt brýni, <2021-02-04>, með nokkuð sérstaka, nánast belgslaga en nánar er fjallað um brýnið í kafla um gripi hér að neðan.

Þó nokkur rusla- og áfokslög [34,23,25,26,29,27,95] hafa safnast upp á þessu svæði eftir að bygging [120] var aflögð og hrunin. Aðallega voru þetta móöskulög með viðarkolum og torfsneplum. Einstaka viðaröskulinsu er að sjá inn á milli. Torfhleðslur [21] og [96] voru skráðar sem hleðslur frekar en torfhrun en í raun er ekki hægt að segja með vissu hvort þar sé um að ræða þar sem torfhleðslur almennt í bæjarhólnum er dálitið blandaðar móösku og er sem móaska hafi verið skorin með torfinu. Sýnir þetta að byggð hefur verið áfram á bæjarhólnum eftir að bygging [120] lagðist af þó að mannvirki séu ekki sýnileg í sniði 15.

13. – 18. öld
Númer jarðlaga: [5], [6], [10], [11], [12], [32], [42], [43], [58], [59], [68], [69], [70], [71], [72], [73], [75], [76], [80], [81], [82], [83], [84], [85], [86], [87], [88], [97], [98], [99], [100], [101], [102]

Nánari lýsingu á einingum er að finna í lageiningaskrá í viðauka 1.



Mynd 14: Annað notkunarskeið í þversniði 15. Jarðlög sem tilheyra yngri og eldri notkunarskeiðum eru deyfð

Löngu eftir að bygging [120] féll og grófst undir í áfoks- og ruslalögum var hlaðið nýtt mannvirki fast austan við hana. Torfhleðsla [84] var streng-hlaðin úr járnríku mýrartorfi. Í henni sást ljósgrá og grængrá gjóska, en samkvæmt gjóskulagagreiningu er þar um að ræða gjóskur úr annars vegar Heklu-1693 og hinsvegar Kötlu-1721.[11] Gryfja [102] og hola [73] fundust vestan við þessa nýju byggingu, og er líklegt að þær hafi verið í notkun á svipuðum tíma og torfhleðsla [84]. Ekki sáust nein gólflög eða annað sem benti til að þær væru undir þaki og verður því að telja að um einhverskonar utandyra athafnasvæði hafi verið að ræða. Gryfja [102] hefur verið grafin niður í gegnum áfoks- og ruslalög [74, 94, 39, 23, 27], torfhrun [29 og 30] og torfhleðslur [96 og 21] en allar tilheyra þessar einingar elsta notkunarskeiði. Stærð gryfjunnar er um 1 x 1 m og eru hliðar hennar beinar. Botninn var frekar sléttur þó honum halli aðeins til austurs. Í gryfjunni sáust fimm fyllingar [97, 98, 99, 100 og 101]. Fyllingarnar voru torfblandaðar með móösku og viðarkolum en fylling [99] var nær einungis kol og [101], sem er í botni gryfjunnar, var sandur blandaður viðarkolum. Ekki er vitað hvaða hlutverki þessi gryfja hefur þjónað. Jarðlög í vestari hluta sniðs 15 voru öll mjög dökk, gráleit og einsleit. Bendir þetta til þess að þessi jarðvegur hafi verið súrefnissnauður, líklega vegna bleytu, en þessi hluti svæðisins var ívið votari en aðrir. Annar, minni niðurgröftur [73] var rúmum metra austan við gryfju [102]. Þessi hola var um 30 cm í þvermál, fremur óregluleg en nokkuð djúp eða um 40 cm. Hún var grafin í gegnum sömu ruslalög og gryfjan. Við austurhlið gryfjunnar var hellugrjót sem stóð upp á rönd, en ekki var að sjá að það hafi verið þar af ásetningi heldur virðist frekar sem það hafi lent þar þegar holan fylltist af viðarkolalagi [72] sem nær út fyrir holuna sjálfa. Líkt og með gryfju [102] er fátt sem gefur til kynna hvaða hlutverki þessi hola hefur gengt.



Mynd 15: Hægra megin við miðju myndar sést hvar gryfja [102] hefur skorið á torfvegg [90]. Horft til suðurs. Vinstra megin við miðju glittir í stein sem fyllir holu [73].

Þó nokkur tími leið þar til næstu byggingar voru reistar á þessum stað á bæjarhólnum ef marka má þykkt og fjölda ruslalaga sem lágu yfir gryfju [102] og holu [73]. Ruslalög hafa safnast vestanmegin upp að torfhruni úr hleðslu [84]. Öskuhaugurinn hefur verið í nokkuð stöðugri notkun þar sem áfokslög voru ekki mörg eða þykk á milli þeirra. Móaska var áberandi í ruslalögunum auk viðarkola og viðarösku, en ekki gripir. Þar sem bein voru til staðar var um lítil brot af brenndum

[11] Magnús Á. Sigurgeirsson, bls. 3

beinum að ræða og ekki í miklu magni. Ofan á ruslalögunum og að hluta til ofan á eldri hleðslu [84] hefur verið hlaðinn langur torfveggur með streng og einstaka grjóti. Hugsanlegt er einnig að þarna sé um að ræða viðbót eða viðgerð en þar sem munurinn var afar skýr voru gefin tvö mismunandi númer á þessa hleðslu; [68] og [76]. Gjóskurnar H-1693 og K-1721 voru í þessu torfi líkt og [84] og bendir þá til að torfið í hleðslunum sé frá 18. eða 19. öld.[12]

Vestast í sniði 15 var niðurgröftur [59]. Grafið hefur verið niður í áfoks- og uppmoksturslag [5] og torfið hlaðið í niðurgröftinn. Hleðslan [58] er úr mýrarauðu torfi, hlaðið með streng. Þó nokkur leir var í torfhleðslunni og á stöku stað voru einnig slitrur úr LNL í torfi. Torfhleðslan hafði verið skorin með vélgröfu á tvo vegu, að norðanverðu og austanverðu. Einungis þunn ræma varðveittist af hleðslunni undir hitaveituröri. Þessi hleðsla kemur því fyrir í fleiri en einu sniði og þá undir öðrum númerum en í lageiningaskrá er einnig gerð grein fyrir tengingum þessara númera. Verður vísað í númer [237] hér eftir í tengslum við þessa torfhleðslu.

18.-21. öld
Númer jarðlaga: [1], [2], [3], [4], [7], [8], [41], [52], [53], [56], [55], [66].

Þetta yngsta notkunarskeið bæjarhólsins í Gröf einkennist af miklu raski og landmótun með stórvirkum vinnuvélum á 9. áratug 20. aldar. Efstu lög sniðsins voru mjög mikið röskuð. Þegar Gamlibærinn, sem reistur var á árunum fyrir 1922 var rifinn, var grafin djúp gryfja[13], farið með ýtu á svæðið og rústum bæjarins rutt ofan í hana. Efstu a.m.k. 30 cm sniðsins eru því mikið raskaðir. Þær leifar Gamlabæjar sem enn voru á sínum upprunalega stað voru grjóthleðsla [7] / [66] og torfhleðslur [8] / [53]. Torfveggurinn var hlaðinn með streng úr mjög járnríkum mýrarjarðvegi. Grafið hefur verið í torfhleðsluna (niðurgröftur [52]) þegar sléttað var úr Gamlabænum um 1980. Um grjóthleðslu [7] / [66] er ekki mikið að segja umfram það að grjótið er ótilhoggið, allt af svipaðri stærð og bendir stærð þess til að það hafi verið hlaðið sem grunnur fyrir byggingu sem hefur að minsta kosti að hluta verið úr timbri.

Mynd 6 Grjóthleðsla [7] / [66]. Brotalína sýnir staðsetningu grjóts sem féll úr sniði. Samsett mynd. Horft til suðvesturs

[12] Magnús Á. Sigurgeirsson, bls. 3
[13] Sjá umfjöllun um gryfjuna [147] í kafla um svæði 2.



Mynd 17: Yngsta notkunarskeið í þversniði 15. Jarðlög sem tilheyra eldri notkunarskeiðum eru deyfð

Auk áður nefndrar hleðslu [53] hefur einnig hefur verið grafið í gegnum mörg jarðlög þegar vatn- og hitaveita ([2] og [54]) hefur verið lögð um bæjarhólinn á síðari hluta á 20. aldar. Mannvistarlag [4] var mikið hreyft en í neðsta hluta þess voru fremur lítið blönduð taðlög og timbur, leifar útihúss frá Gamlabænum. Lag [3] / [41] var jöfnunarlag, malarblandið með einstaka viðarkolum og torfblettum. Þetta lag er botninn á malarplani sem lá að hluta til vestan við fjósið á svæði sem í þessari skýrslu er númer 17. Þykkt móöskulag [56] lá nokkuð óhreyft vestast í sniðinu en það hefur myndast ofan á þykku áfokslagi [57] sem aftur hefur hlaðist upp vestanmegin við torfvegg [53]. Austast í sniði 15 hefur hitaveitulögn raskað torfhleðslu [58]. Einungis örþunn ræma stendur eftir af því sem annars hefur verið myndarleg hleðsla þar sem norðan megin hefur verið grafið úr henni vegna hitaveitulagnarinnar, en sunnan megin í tengslum við yfirstandandi framkvæmdir vegna íbúðahverfis.

Snið 16

10. – 13. öld
Númer jarðlaga: [38], [39], [40], [50], [106], [107], [108], [109]

Afar þéttur og vel varðveittur torfveggur [51] var beint undir nútímaraski vegna hitaveitulagnar (sjá umræðu um 18.-20. öld her fyrir neðan). Hann var hlaðinn úr afar litríku mýrartorfi, með streng

Mynd 18: Fornleifafræðingar teikna snið 16. Snið 15 sést vinstra megin við hitaveiturörið á miðri mynd. Horft til vesturs.

efst en klömbrum með LNL neðst í hleðslunni. Veggurinn var hlaðinn ofan á þykkt móöskulag [38] (sama og [11] og [12] í sniði 15) sem var meðal annars blandað torfflekkjum, viðarösku og brenndum beinum. Tvö önnur ruslalög, [39] og [40], sáust neðar í sniðinu og voru þau framhald af ruslalögum sem skráð voru í sniði 15, þ.e. [39/45] og [40/48]. Allra neðst var svo [50], gamalt yfirborð með viðarkolamolum, röskuðu LNL, sandi og leir. Þetta yfirborðslag var sama og [35 og 93] í sniði 15 og lá þar beint ofan á LNL *in situ*. Ekki var komið niður á hana í sniði 16 þar sem grunnvatnsyfirborð lá upp að mannvistarlagi [50] og því ekki hægt að skoða þau mannvistarlög sem lágu undir því.

Snið 16 er hornrétt í framhaldi af sniði 15, líkt og sjá má á yfirlitsteikningu 3. Nútímarask er áberandi í þessu sniði þar sem hitaveiturör og rask því tengdu hefur skemmt mikið af annars vel varðveittum minjum. Vegna nýrrar fráveitulagnar sem fyrirhuguð var á þessu svæði var einnig grafið frá gömlum lögnum á nýju lagnasvæði sem afhjúpuðu enn meiri minjar

13. – 18. öld
Númer jarðlaga: [104] (sama og [58])

Skurður fyrir hitaveiturör (sjá umræðu um 18.-12. öld hér fyrir neðan) skar mannvistarlögin sem tilheyra þessu notkunarskeiði að mestu í sundur, en það sem varðveist hefur tengir saman torf-hleðslur [58] sem fjallað var um í sniði 15 og torfhleðslu [104] í sniði 16. Hleðsla [104] var mjög illa farin vegna vélgraftar en þó var greinilegt að hún hefur verið hlaðin upp að, og að hluta til ofan á, eldri torfhleðslur ([106-109]). Ekkert sást í sniðinu sem gaf til kynna hvort þessi torfhleðsla (og þá [58]) væru hluti af byggingu, gerði eða garði.

18. – 21. öld
Númer jarðlaga: [103], [105]

Efst í sniði 16 var malakennd fylling hitaveiturörs auk plaströrsins sjálfs. Í þessari fyllingu var ýmislegt nútímarusl sem ekki var hirt; naglar og annað byggingaefni frá 20. öld.



Mynd 19: Jarðlög í sniði 16

.

Svæði 17.

Þann 13. apríl var opnað svæði með vélgröfu innan rannsóknarsvæðis 1, þar sem fyrirhugað var að gera nýtt bílastæði. Sökum þess stóð til að grafa niður á 60-70 cm dýpi á svæðinu og jarðvegsskipta. Frost var farið úr jörðu en vegna vatnsveðurs reyndist ekki unnt að fínhreinsa svæðið. Þó var ljóst að mjög mikið af mannvistarleifum leyndust á því, enda að líkindum á hápunkti bæjarhólsins og að lokum tók minjavörður í samráði við framkvæmdaraðila þá ákvörðun að loka svæðinu á ný og endurmeta skipulagið með það að markmiði að takmarka rask á fornleifum eins og hægt væri. Mjög mikið af torfhleðslum sáust á yfirborði, kola- og móöskulög ásamt grjóthleðslum. Það var því augljóst að mikið var af minjum beint undir malarplaninu sem var fyrir á staðnum og talsverð vinna yrði í því fólgin að grafa upp allar mannvistarleifar á þessu stóra svæði niður á 60-70 cm dýpi ef af yrði. Samkvæmt ákvörðun minjavarðar var ekki talið nauðsynlegt að skrá þær minjar sem afhjúpaðar voru við þessa framkvæmd enda stæði ekki til að raska þeim frekar heldur hylja á ný.

Mynd 20: Staðsetning fyrirhugaðs bílaplans. Þegar myndin var tekin var enn möl að hluta yfir minjunum en vinstra megin má sjá í móösku og viðarkolalög, torfhleðslur og grjóthleðslur á yfirborði. Horft til austurs.

Skurður 6

Í framhaldi af opnun þess svæðis þar sem bílastæði var ráðgert (hópnúmer 17), var grafið niður fyrir fyrirhuguðum gangstíg/lagnaleið suður af bílastæðinu, milli bæjarhóls og kirkjugarðs. Grafið var niður á þá dýpt (60 cm) sem þurfti til að jarðvegsskipta og reyndust mörk fornminja og síðara tíma áfoks vera á þeirri dýpt. Hinsvegar var ljóst að mannvistarlög yrðu fyrir raski við gröft lagna-skurðar sem þurfti að fara dýpra en gangstígurinn. Var því grafið dýpra nyrst í gangstígsskurð [6] til að kanna snið. Grafið var niður í grunnvatn. Torfhleðslur [200] og [201] auk torfhruns [202] voru efst í sniði. Þessi torfveggur, sem var skorinn í tvennt af ljósleiðaraskurði [199], var hlaðinn úr mýrartorfi, rauðleitt og gult. Séu þessi jarðlög borin saman við þau sem sáust í sniði 15 tilheyrir torfveggurinn tímabilinu 13. -18. öld og þá neðri mörkum tímabilsins. Eins og sést á sniðteikningu 11 voru tvö fremur þunn ruslalög [203] og [204] undir torfhruninu. Þessi ruslalög hafa hlaðist upp ofan á þykkum áfokslögum [205] og [206] en torfveggurinn er jafnframt hlaðinn að hluta ofan á áfokslagið [205]. Ýmis móöskurík ruslalög ([207], [208], [209],]210], [211]) lágu á milli LNL [213]



Mynd 21: Teikning af jarðlögum í vestursniði í skurði 6.

neðst í sniði og áfokslaganna. Brennd bein voru í tveimur þeirra; [208] og [211]. Ekki sást til neinna bygginga á þessu elsta notkunartímabils sem nær frá 10. öld -13. aldar. Í ljósi magns fornminja sem sáust í sniðum var ákveðið að breyta framkvæmdaáætlun þannig að í stað þess að gera nýtt bílaplan með tilheyrandi raski á fornleifum sem kallaði á uppgröft samkvæmt kröfum Minjastofnunar, ákváðu framkvæmdaaðilar í samráði við Minjastofnun að bora lagnir undir bæjarhólinn til móts við áður gerða gangstíga- og lagnaskurð [6]. Var sú aðgerð gerð án viðveru fornleifafræðings.

Mynd 22: Gangstígs- og lagnaskurður. Breiðari skurðurinn er þarna kominn að mörkum áfoks og mannvistar. Minni skurðurinn var grafinn í gegnum mannvist og niður að grunnvatnsyfirborði til að kanna þykkt mannvistar. Sniðteikning sýnir vestursnið þessa skurðar. Horft til suðurs.

Mynd 23: Vestursniðið í skurði 6. Ljósleiðarinn greinilegur fyrir miðri mynd. Landnámslagið in situ rétt fyrir ofan vatnsborð. Horft til norðvesturs.



Mynd 24: Jarðlög í sniði [19].

Mynd 25: Ofninn eftir hreinsun. Fjögur notkunarstig voru greinanleg í sniði. Horft til suðurs.

Snið 19

10.-13. öld.

Þann 22. maí komu í ljós áður óþekktar minjar þegar verið var að grafa með gamalli hitaveitulögn á svæði þar sem snið 16 hafði verið skráð. Þetta nýafhjúpaða svæði fékk númerið 19 til aðgreiningar frá sniði 16. Snið 19 er um 1,5 metrum innar en snið 16 eins og sjá má á yfirlitsteikningu 3.

Þetta reyndust vera afar merkilegar minjar, ofn [111] sem hefur verið margnotaður og endurgerður. Ofninn hefur verið niðurgrafinn [220] og grjót [223] og [225] lagt í hlið hans að vestanverðu. Ofninn hefur verið endurbættur [234] með því að bæta við grjóti [225] austan megin. Þrjú þykk lög með brenndri móösku, eldsprungnum steinum og gjalli tilheyra þessu notkunarstigi. Þá eru gerðar nokkrar breytingar [235] á ofninum, torflag [192] er sett yfir eldri ummerki bruna en einnig er stuðlasteini bætt við á vestur hlið. Uppmoksturslag [122] ásamt stuðningsgrjóti er mokað aftan við til styrkingar. Örþunn móöskulög og viðarkolalög [125] (allt að 10 umför) hafa hlaðist upp að stuðlasteininum og eru frábrugðin því sem sást í eldri fyllingum vegna hreinleika laganna og hversu þunn þau eru. Þessi uppsöfnun minnir einna helst á móösku- og viðarkolalög sem myndast í eldstæðum. Síðasta breytingin [236] sem gerð er á ofninum sýnir að aftur er farið að nýta hann á svipaðan máta og áður. Grafið [123] er niður í fyllingu [125] og jöfnunarlag [192] austanverð.

Eldsprungið grjót var í fyllingum [193] og [124] sem voru ívið ríkari af viðarösku en mósöku en einnig var að sjá brennd bein í [193]. Aðaleldsneytið sem nýtt hefur verið í ofninum hefur verið móaska ([125],[191], [193], [218], [221]) en einnig er nokkuð af viðarkolum ([217], [123]) í fyllingum ofnsins. Hægt var að greina fjögur mismunandi notkunarskeið á ofninum eins og sést á skýringarteikningu 10. Grjót virðist hafa verið hitað í ofninum því í tveimur notkunarstigum ([234] og [236]) var að sjá hitasprungna steina, rúmlega hnefastóra í miðju eldstæðinu, vel ofan í og blandaða við móösku og viðarkol. Í tveimur fyllinganna [216] og [218] var að sjá gjall, rauðbleikt að lit og fislétt. Þetta gjall myndaði einskonar köku neðst í [218] og lá mjög þétt og vel skorðað. Það hefur augljóslega verið í eldi en hvort þetta er afurð sem er tilkomin vegna járnvinnslu eða annars iðnaðar er erfitt að segja þar sem það var afar létt og minnti einna helst á hraunmola. Sýni var tekið af þessu gjalli. Einnig var tekið sýni úr efsta viðarkolalaginu [217].[14] Í þessu nýja sári í bæjarhólnum mátti einnig greina fleiri torfhleðslur [230] og [197] með landnámsgjósku og klömbruhleðslu. Þær líkjast mjög hleðslum sem skráðar voru á svæði 1, [47] og [90], með klömbruhleðslum neðst en streng að ofan. Þar sem ekki var hægt að greina í sniði hvort ofninn hafi verið grafinn ofan í

[14] Þessi sýni hafa ekki verið greind frekar þegar þessi skýrsla er rituð.

torfvegginn eða hann gerður upp að hleðslum [230] og [197], var veggjunum gefið sitt hvort númerið. Veggur [230] sást einnig í sniði 16 ([106], [107], [108], [109]) og allir eru þeir undir



Mynd 26: Notkunarstig í ofni [111]

Mynd 27: Hér sést hvernig hitaveitulögnin hefur skorið á torfvegg (hópnúmer [238]). Ofninn [111] sést vinstra megin við lögnina. Horft til suðvesturs.

hópnúmerinu [238]. Ýmsar vísbendingar eru um að ofn [111] og þær hleðslur sem virðast tilheyra honum séu samtíða þeim byggingum sem áður voru kannaðar og skráðar, þ.e. [120] í sniði 15 á svæði 1 og [119] í sniði 18 á svæði 2 og sé þá hægt að tímasetja hann til 10.-13. aldar. Miklar líkur eru á að torfveggir [238] í sniði 16 og [119] í sniði 18 myndi sömu bygginguna enda er torfgerðin afar lík og ekki nema um 1,5 m sem skilja sniðin að. Ljóst er að mikið hefur verið fjarlægt af norðurhluta byggingarinnar, og er því ekki mögulegt að segja til um upphaflega stærð þess. Skorið hefur verið á torfhleðslur og mannvistarlög þegar gryfja [147] var gerð á 9. áratugnum og aftur í tengslum við núverandi lagnaframkvæmdir, en að minnsta kosti tveir metrar hafa horfið af norðurhluta byggingarinnar. Vesturhliðin hefur ekki heldur farið varhluta af nútímaframkvæmdum og má telja að allt að tveimur metrum hafi horfið af vesturhlið hennar fyrir utanupphaflegan lagnaskurð fyrir hitaveitu sem var lögð eftir norðanverðum bæjarhólnum á 20. öld.

Svæði 2



Mynd 28: Yfirlitsteikning af svæði 2

Mynd 29: Staðsetning skurða 1-5 á svæði 2, fyrir uppgröft. Vinstra megin sést í yngsta íbúðarhúsið á bæjarhólnum. Horft til suðvesturs.

Þann 11. mars voru grafnar fimm könnunarholur (1-5) vegna fráveitulagna norðan við bæjarhólinn á svæði 2. Efstu 25-30 cm reyndust frosnir og lyftust af í stórum flekum þar sem komið var niður á ófrosinn jarðveg. Þetta kom ekki að sök því jarðvegur var hreyfður efst og fornminjum því ekki raskað. Upphaflega stóð til að gera könnunarholur á þessu svæði en vegna frostsins og dýptar mannvistarlaga voru grafnir skurðir sem voru 1,5 m að breidd og allt að 6 m langir vegna öryggissjónarmiða en minjavörður hafði samþykkt að slíkt fyrirkomulag gæti verði hentugara vegna aðstæðna.

Augljóst var að í skurðunum sáust mannvistarleifar sem tilheyra bæjarhólnum. Ekki var komið niður á íveruhús eða aðrar augljósar byggingar, heldur var frekar um að ræða umsvif við jaðar bæjarhólsins yfir langan tíma því mannvistarlög var að finna frá yfirborði og niður á tæpa tveggja metra dýpi. Heilmikið rask hefur átt sér stað þar í gegnum tíðina og fá heilleg gjóskulög sem nota mátti til að aldursgreina mannvistarlögin. Greininnlegar gjóskur sáust í sniði í skurðum 1 og 4 en auk þess var gjóska í torfi. Engir gripir komu í ljós í skurðum 1-5 sem hægt var að nýta til að aldursgreina minjar, en þeir gripir sem fundust tilheyrðu flestir nútíma rusli ss. naglar og annað byggingajárn, einstaka leirkersbrot og flösku- og rúðugler. Í elstu mannvistarlögunum fundust tvö brýni úr skífubergi.

Skurður 1

Mannvist var að sjá í öllum skurði 1. Efst var komið niður á grjóthleðslu sem hafði stefnuna SV-NA. Hún var fremur laus í sér og gæti hugsanlega verið óvandað ræsi. Undir því var komið niður á annarskonar grjóthleðslu sem hafði verið hlaðin utan um járnrör. Auk þessarar grjóthleðslu voru nokkur torfkennd lög [129], [131], [133] og á milli þeirra einsleitur áfoksjarðvegur [130], 132] með torf- og gjóskublettum. Snið voru teiknuð og ljósmynduð að kröfu Minjastofnunar.



Mynd 30: Teikning af suðursniði í skurði 1

Skurður 2

Mynd 31: Skurður 2 á svæði 2. Horft til norðurs.

Ekki sást til fornleifa í skurði 2 en í honum var komið niður á nýlega ruslagryfju [147] sem fyllti í allan skurðinn. Gryfjan var full af plasti, timburleifum og járnadrasli. Um var að ræða byggingarefni úr Gamla-bænum sem var rifinn rétt eftir 1980 skv. heimafólki.[15] Grafið var niður að grunnvatnsyfirborði, en ekki virtist þar komið niður fyrir gryfjuna þannig að dýpt hennar er óþekkt.

Yfir gryfjunni var blandaður jarð-vegur sem hefur verið ýtt yfir gryfjuna þegar fyllt hafði verið í hana. Vegna aðstæðna í skurðinum var snið ekki teiknað. Var sú ákvörðun tekin í sam-ráði við minjavörð.

[15] Munnleg heimild eftir Guðrúnu Emilsdóttur frá Gröf en maður hennar gróf holuna og ruddi rústum Gamlabæjar ofan í hana.

Skurður 3



Mynd 32: Suður- og vestursnið í skurði 3

Mannvist var einnig að finna í skurði 3, en þar var komið niður á öskuhaug sem samanstóð af viðarkolum, viðarösku [140] & [144] og móöskulögum [146] auk uppmoksturslaga með torfi. Einungis tvö illa farin bein sáust í sniði og er varðveisla lífrænna efna líklega léleg á svæðinu öllu. Veggur [143], sem var hlaðinn úr litríku torfi, lá undir uppmoksturslögunum. Hann var hlaðinn úr streng og ógreinilegri klömbru. Torfið var ríkt af mýrarrauða sem kom bersýnilega fram í lit þess; dumbrautt, ryðrautt og gulleitt með grængráum leir. Í torfinu voru auk þess ljósar gjóskur LNL og H-1104 greinilegar. Dökk E-939 sást einnig í torfi. Öllum þessum jarðlögum hefur verið raskað þegar ruslagryfja [147] var grafin á 20. öld og var hún full af möl, olíukenndum jarðvegi, járnvírum og timbri.

Mynd 33: Skurður 3 á svæði 2. Fremst á mynd sést ruslagryfjan [147] sem einnig sást í skurði 2.Horft til suðurs..

Skurður 4



Mynd 34: Suður- og vestursnið í skurði 4

Mannvist sást í öllum sniðum í skurði 4, en minna en í skurði 3. Ofarlega var sjá niðurgröft gryfju [151] en hlutverk hennar er ekki þekkt. Fyllingar [152] í gryfjunni voru allar áfoks-jarðvegur, mismunandi blöndur af þeim jarð-lögum sem gryfjan var grafin ofan í. Í sniði sást einnig til torfveggs [157] með LNL. Veggurinn var hlaðinn með streng og var fremur einsleitur. Torfhrun [154] lá yfir veggnum en á milli torf-veggs og -hruns var varðveitt dökk gjóska [156] sem að öllum líkindum er úr Eldgjá, þ.e. E-939. Meirihluti jarðlaga í sniði voru áfokslög en í [159] voru örþunn (>1 cm) ruslalög með mó- og viðarösku. Í botni sniðs var komið niður á jökul-leir, ljósgrár og blautur.

Mynd 35: Skurður 4 á svæði 2. Horft til vesturs.

Skurður 5



Mynd 36: Norðursnið í skurði 5

Í austasta skurðinum, skurði 5 var litla mannvist að sjá. Efstu lögin [164, 165] voru nútíma rask sem líklega tengjast landmótun sem átti sér stað þegar Gamlibærinn var rifinn og grafinn í gryfju [147]. Þessi efstu lög eru mikið blönduð möl og sandi. Önnur ummerki um mannvist sjást í áfokslögum þar sem viðarkolablettir og örþunnar viðar- og móöskulinsur í [167] og [169] blandast áfoksjarðveginum. Grafið var niður á grunnvatnsyfirborð eða á 1,5 m dýpi.

Snið 18

Þann 14. apríl úrskurðaði Minjastofnun Íslands um auknar kröfur[16] vegna þeirra minja sem sáust í lagnaleið norðan við bæjarhól. Þar var farið fram á að hnika til lagnaleiðinni (og með henni nýju vegstæði) til norðurs, út fyrir mannvist sem sást í könnunarholum sem gerðar höfðu verið 11. mars. Voru þær framkvæmdir vaktaðar af fornleifafræðingi, og snið (18) teiknað. Snið 18 sem var 22 m langt og 2 m djúpt. Það náði frá horni sniðs 16 og inn á skurð 1. Í sniðinu sáust miklar mannvistarleifar sem voru péttastar austast í sniði en þynntust út til vesturs. Vegna grunnvatns

Mynd 37: Torfhleðsla [177]. Neðst sést í dökkan, súrefnissnauðan jarðveg en ofarlega við grasrót er gamall malarvegur. Hort til suðausturs.

sem safnaðist í botn skurðarins reyndist ekki mögulegt að grafa niður fyrir mannvistarlög og því er ekki vitað hversu djúpt þau ná. Út frá jarðlagasamhengi virðist sem um byggingar frá miðöldum sé að ræða og má skipta mannvistinni í tvö notkunarstig; 10-13. öld og 20.- 21. öld.

10. – 13. öld
Númer jarðlaga: [174], [175], [176], [177], [179], [180], [182], [183], [184], [185], [186], [187], [188], [189], [190]

Gríðarmiklar torfhleðslur [177], [182] og [183] sáust í sniði 18. Þær voru úr litríku mýrartorfi með gráum leirskellum. Slitrur af LNL og E-939 sáust í torfinu. Þessar hleðslur tilheyra án efa sömu byggingunni, [119] og er líklegt að inngangur í hana sjáist í sniðinu. Einnig var töluvert um viðbætur og viðgerðir á hleðslunum sem bendir til þess að þetta mannvirki hafi verið í notkun í

[16] Bréf Minjastofnunar Íslands dagsett 14.04. 2021 (MÍ202102-0009/6.09/U.Æ.).

þónokkurn tíma, og því verið haldið við. Torfhleðsla [182] var úr klömbru- og strenghleðslu en [183] var eingöngu hlaðin úr streng. Á milli [177] og [182] var mikill torfhrunsbunki sem fyllir það sem líklega er inngangur í bygginguna. Þessari byggingu hefur verið haldið við því hleðsla [183] hefur verið hlaðin ofan á [182] og að hluta til ofan á ruslalag [185] sem hefur myndast fyrir utan bygginguna vestanverða. Ekki sáust greinileg gólflög en það gæti skýrst af því að ekki var komið inn í bygginuna sjálfa, heldur rétt í útvegg hennar. Þó ber einnig að hafa í huga að ekki reyndist unnt að grafa niður fyrir mannvist vegna hárrar grunnvatnsstöðu. Og því ekki hægt að segja til um hvað gæti leynst dýpra. Bygging [119] hefur verið reist ofan á sama mannvistarlaginu [178] og sést hefur áður í sniðum 15 [35 og 93] og 16 [50] og lá þar beint ofan á landnámslaginu. Undir [178] var lag af hreinni móösku, með einstaka viðarkolamola. Rétt vestan við torfhleðslu [182] var lítill niðurgröftur [188] en ekki reyndist mögulegt að greina tilgang hans. Austan við torfvegg [177] voru tvö uppmoksturslög, [174] og [175] sem lágu upp að veggnum. Þessi lög voru svo skorin á 21. öld vegna lagnavinnu. Tvö þykk og mikil torfhrunslög [179, 176] liggja yfir byggingu [119] og innsigla þetta notkunarstig.

20.-21. öld

Líkt og önnur snið í bæjarhólinn hafa sýnt, var töluvert nútímarask efst í sniði 18. Undir grasrót var gamall malarvegur [112] sem hefur gróið en undir honum var einsleitt jöfnunarlag [171]. Það lá yfir niðurgreftri [173] fyrir lagnaskurð sem var gerður á 20. öld og með því skorið í eldri minjar. Lagnaskurðurinn hefur svo verið fylltur með uppmokstrinum því í fyllingunni [172] var að sjá blöndu af móösku, möl, torfleifum o.fl.

Mynd 38: Horft yfir vegsniðið á svæði 2 eftir að ofninn kom í ljós. Hann sést vinstra megin við miðja mynd á bak við vatnslögn. Mælistika er upp á rönd við hlið hans. Myndin sýnir hvernig vélgrafið hefur verið á sínum tíma í gegnum bygginguna þegar vatnslögninni var komið í jörð. Horft til suðurvesturs yfir bæjarhólinn og núverandi hús.

Skurður 13

Skurður 13 var grafinn norðan við bæjarhólinn og fyrir utan þekktar minjar. Tilgangur hans var að fá samanburðarsnið fyrir gjóskulagagreiningar. Lítið var á sniðinu að græða þar sem engin gjóskulög eða mannvistarlög var að sjá og var skurðinum lokað strax aftur. Minjastofnun gerði ekki kröfu um ýtarlegri skráningu á þessum skurði.

Svæði 3

Skurðir 7, 8 og 9

Þann 12. apríl voru vélgrafnir þrír könnunarskurðir sunnan við bæjarhólinn á svæði 3 sem höfðu verið á upphaflegri áætlun. Staðsetning þeirra sést á yfirlitsteikningu 15. Litla mannvist var að sjá í tveimur vestustu skurðunum (skurðir 8 og 9) en þunnt torflag og ruslalög sáust nyrst í skurði 7. Það snið var teiknað en ljósmyndir látnar nægja fyrir hina skurðina samkvæmt samtali við minjavörð. Grafið var niður að grunnvatnsyfirborði. Með þessu var búið að mæta kröfum Minjastofnunar varðandi svæðið sunnan bæjarhóls og framkvæmdir gátu haldið áfram á því svæði.

Mynd 39: Skurðir 8 og 9 á svæði 3. Horft til vestsuðvesturs.

Skurður 14



Mynd 40: Flatarteikning af ræsi sem sást við könnunarholu í nýju vegstæði.

Þann 05.febrúar 2021 kom í ljós ræsi með grjóti þegar verið var að undirbúa nýtt vegstæði sunnan við bæjarhólinn á svæði 3. Ekki hafði verið gerð krafa um fornleifaeftirlit á þessu svæði en ræsið var skoðað af fornleifafræðingi og skráð þann 9. febrúar eftir að framkvæmdaaðili tilkynnti það til minjavarðar. Þá var svæðið á floti vegna hárrar grunnvatnsstöðu og frosið, en skafið var ofan af yfirborði á nýju svæði með vélgröfu svo hægt væri að hreinsa og rannsaka það. Niðurgröfturinn fyrir ræsið var skýr, grafið niður í gegnum sendin en þétt jarðlög. Grjót hafði verið lagt í botn og hliðar og grjóthellulok yfir. Engar gjóskur voru sjáanlegar enda er þekkt að Litla-Laxá flæðir reglulega yfir bakka sína á þessu svæði[17] með þeim afleiðingum að jarðvegur er afar sendinn og líklegar

Mynd 41: Könnunarhola sem var gerð til að skoða ræsið á svæði 3. Horft til austurs.

Mynd 42: Ræsisholan fullgrafin. Grjótrenna en hér er búið að fjarlægja grjóthellu sem lá yfir rennunni sjálfri. Horft til vesturs.

[17] Samkvæmt samtali við Hannibal veitustjóra

gjóskur væntanlega skolast á burt. Vegna þess hversu sendinn jarðvegurinn er, er líklegt að framræsi sem þetta verði að vera lagt grjóti svo það leggist ekki saman vegna þess hve óstöðugur jarðvegurinn sem hann er grafinn í er.
Veitustjóri hafði hnitað legu ræsisins þegar það kom í ljós og því var lega þess þekkt á því svæði (þar sem ræsið var nú horfið). Minjastofnun taldi að þær rannsóknir sem unnar voru á ræsinu 9. febrúar væru nægjanlegar og taldi ekki þörf á frekari mótvægisaðgerðum vegna ræsisins öðrum en þeim að áfram yrði fylgst með hvar ræsið kæmi fram annarsstaðar og það hnitsett þar sem ummerki um það kæmu í ljós.

Skurður 10

Mynd 43: Könnunarskurður í meint garðlag á svæði 3. Í ljós kom að um óvandaðan, vélgerðan malarveg var að ræða. Horft til austsuðausturs.

